

Skólaráð Lækjarskóla



11. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 12. apríl 2011 kl. 8:20.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

Fundargerð 10. fundar lesin upp

1. Fjárhagsáætlun

Skólastjóri kynnti úthlutun á tímamagni kennslu og stöðugildi starfsmanna fyrir skólaárið 2011-2012.

Hagræðing er ekki ný af nálinni. Undanfarin þrjú ár hefur úthlutuðum kennslustundum til skólans fækkað umtalsvert.

Nú er verið að lækka úthlutunarstuðul á bekki. Grunnur þarf helst að vera 672 almennar kennslustundir með skiptistundum.

Skólastjóri fór yfir grunnúthlutun án úthlutun til sérkennslu og sérdeilda fyrir skólaárið 2011-2012.

Úthlutun kennslumagns til sérkennslu og deilda á ekki að skerðast í heildarúthlutun til hafnafirskra grunnskóla en kennslumagn getur færst til milli skóla.

Fækkað hefur um 50 nemendur í skólanum síðan 2009-2010 miðað við skólaárið í ár. Þegar á undanförunum misserum hefur starfsmönnum fækkað þar sem ekki hefur verið ráðið í störf allra þeirra sem látið hafa af störfum.

Fyrirséð að það fækkar um lágmark um 2 stöðugildi kennara og 1,2 stöðugildi almennra starfsmanna næsta haust.

Það er úthlutað sér vegna forfalla. Unglingastig er ekki dekkað í forföllum nema um lengri forföll sé að ræða. Það verður hugsanlega lækkun á úthlutun til forfallakennslu.

Niðurskurður eykur ekki gæði starfsins.

Stjórnendum skólans og starfsmönnum er gert að skera niður um 6 milljónir til viðbótar sem er tæplega 1,5 stöðugildi. Hvar á að taka það? Skiptistundir, deildastjórn, sálfræðingum, námsráðgjafa o.s.frv.

2. Önnur mál

Nemendaráð: Árshátíðin verður annað kvöld og allt er á fullu í undirbúning. Framkvæmdin er góð í ár.

Vantar upplýsingar um upptökur í unglingadeild á aðgengilegu formi t.d. að setja upplýsingar um slíkt á skóladagatal á heimasíðu eða senda sérstakt bréf heim.

Nemendaráð er að standa sig vel, fær þakkir fyrir.

Foreldrafélagið er að undirbúa vorhátíðina 12. maí, óskað verður eftir samvinnu við nemendafélagið og Vitann.

Nemendur fóru af fundi kl. 9:16

Fjárhagsáætlun, orðið var gefið laust um fjárhagsáætlun og ýmislegt var rætt t. d. varðandi fyrirhugaðan fund með foreldrum og bæjarstjóra, formanni fræðsluráðs o.fl.

Tillögur komu fram um sparnað s.s. að atvinnulausir yrðu fengnir til aðstoðar, skoða símakostnað án þess að það bitni á samskipti við foreldra. Gott er að fylgjast með eyðslu þá sparar maður frekar voru ráð sem meðal annars voru gefin.

Fundi slitið kl. 9:35

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigbórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Þórarinn B Þórarinsson, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Anna Karen Gunnarsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Hildur Elva Finnsdóttir, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir